

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 08 – 2023

Staður: Hvanneyri og Teams

Tími: þriðjudagur 3. október 2023 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, Haukur Þórðarson, Þórunna Jónsdóttir, Daði Már Kristófersson (Teams), Jóhannes Sveinbjörnsson (Teams). Ingvar Pétur Guðbjörnsson var forfallaður. Theódóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri sat fundinn undir 3. lið.

1. Stefna Lbhí 2024-2028- umræða . Það er búið að uppfæra stefnuskjalið út frá athugasemdum starfsmanna við hana. Meðal annars er augin áhersla á umhverfis og loftslagsmál. Nokkur breyting hefur orðið á framsetningu og áherslum. Stefnan þarf að koma til móts við nýtt reiknilíkan háskóla, hugað verður að því. Einnig rætt um að þarna þurfi að koma fram sérstök áhersluatriði eins og jarðræktarmiðstöð og tilraunagróðurhús. Einnig væri gott að skerpa á hlutverki skólans í að stuðla að rekstrarhæfum landbúnaði á Íslandi.

2. Fjármögnun háskóla - nýtt líkan HVIN - kynning og umræða. Rektor kynnti nýtt reiknilíkan háskóla. Búvísindi og hestafræði eru í 4. reikniflokki ásamt listaháskóla og læknis- og tannlæknisfræði. Stærstur hluti námsins hjá Lbhí er í flokkum 3 og 4. Aukin áhersla er á árangur, brautskráningarframlög hækka verulega. Eldra reiknilíkan fól í sér að fjárframlög til háskóla byggðust í meginatriðum á þremur breytum: þreyttar einingar (65%), brautskráningar (5%) og „rannsóknir og annað“ (30%). Árangurstengdri fjármögnun í nýja líkaninu er skipt í þrjá hluta, þ.e. kennsluhluta (60%), rannsóknahluta (15%) og samfélagslegt hlutverk (25%). Daði telur að sveiflurnar í fjármögnun Lbhí verði minni með nýja líkaninu, vegna þess að fleiri mælikvarðar eru nú undir. Einnig að Lbhí ætti að hafa tiltölulega mikla möguleika til að laga sig að nýja líkaninu og sækja fram.

3. Form á búrekstri Lbhí. Rekstrarstjóri (Theódóra) mætti á fundinn undir þessum lið. Ráðuneytið vill að Hestbúið fari undir Hvanneyrarbúið, þ.e. út úr rekstri skólans. Ríkisendurskoðun telur að þetta verði ekki mjög flókið í framkvæmd, ekki síst vegna þess að Hvanneyrarbúið er að fullu í eigu skólans. Þess vegna verði tilflutningur eigna ekki mjög flókinn, það er verkefni Fjársýslu Ríkisins að finna út úr því, en það þarf að fylgja slíku vel eftir hér innanhúss. Tryggja þarf áfram aðgreiningu á rekstri eininganna og að Hestbúið geti áfram sinnt nauðsynlegu þjónustuhlutverki við kennslu og rannsóknir Lbhí. Mikilvægt er að hafa faglegan umsjónarmann/bústjóra á báðum stöðum. Ákveðið að vinna málið áfram og taka stöðuna á næsta fundi. Einnig var rætt um að huga að næstu skrefum varðandi uppbyggingu á Hesti, endurbætur á fjárhúsunum og í framhaldi af því uppbyggingu rannsóknastöðu.

4. Mál til upplýsingar :

Ánægja var með stöðu fjármála Lbhí á fundi með HVIN, margt á þó eftir að skýrast á síðustu mánuðum ársins varðandi innheimtu styrkja o.s.frv.

Starfsmannafundur verður 10. október

14 umsóknir sem Lbhí á aðild að fara í samstarfssjóð háskólanna, Ragnheiður fór yfir þann lista. Okkar hluti verkefna úr þessum sjóði á síðasta ári var um 50 milljónir.

Fundi slitið kl. 14.40